

# Virðisaukaskattur - breytingar á lögum og reglugerðum

## Breytingar á virðisaukaskattslögum

Með lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, frá 27. desember 1993 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Meðal helstu breytinga eru:

### Fólksflutningar og þjónusta ferðaskrifstofa

Fólksflutningar og þjónusta ferðaskrifstofa verður áfram undanþegin virðisaukaskatti. Með lögnum voru ákvæði laga nr. 111/1992 þar sem kveðið var á um skattskyldu fólksflutninga og þjónustu ferðaskrifstofa felld úr gildi og koma því ekki til framkvæmda. Flutningur á ökutækjum með ferjum þegar flutningur er í beinum tengslum við fólksflutninga fellur undir ákvæði um fólksflutninga.

### Hótel- og gistihvergi og tjaldstæði

Útleiga hótel- og gistihvergi, sbr. ákvæði laga nr. 111/1992, verður skattskyld og einnig útleiga tjaldstæða. Sama gildir um aðra gistipjónustu þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar. Þannig telst aðili til dæmis vera með skattskylda gistipjónustu ef hann almennt leigir hvergi eða bústað til skemmri tíma en eins mánaðar. Ekki skiptir máli varðandi skattskylduna hvort þannig hátti til að leigt sé hvergi eða bústaður stöku sinnum til lengri tíma en eins mánaðar.

### Leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi

Leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi er felld undir undanþáguákvæði 2. gr. sem gilda um íþróttastarfsemi.

### Kaup og sala vélknúinna ökutækja í atvinnuskyni

Breytingar voru gerðar á 10. gr. laganna. Bílaleigum svo og seljandum sem keypt hafa vélknúin ökutæki til endursölu í atvinnuskyni er heimilt að miða skattverð við 80,32% af mismun innkaupsverðs og söliverðs ökutækis að meðtöldum virðisaukaskatti.

## Vörur til mannelis

Frá og með 1. janúar 1994 lækkar virðisaukaskattur á ýmsum matvörum og öðrum vörum til mannelis úr 24,5% í 14%.

Virðisaukaskattur á sælgæti og drykkjarvörum og fleiri vörum sem falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lækkar ekki. Ennfremur nær lækun virðisaukaskatts af matvælum ekki til áfengra drykkja og ógerilsneyddrar mjólkur.

Í reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til mannelis o.fl., er nánar kveðið á um afmörkun skattskyldunnar, þ.e. hvaða vörur bera 14% virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur gefið út bækling RSK 11.22 þar sem nánar er fjallað um virðisaukaskatt af vörum til mannelis o.fl.

## Sala veitingahúsa á tilreiddum mat og þjónustu

Sala veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu ber áfram 24,5% virðisaukaskatt, en þessir aðilar fá sérstaka endurgreiðslu vegna matvælainnkaupa sinna.

Fjárhæð endurgreiðslunnar nemur 93,75% af innskatti hvers tímabils vegna kaupa á matvælum sem eru með 14% virðisaukaskatti.

Nánar er kveðið á um endurgreiðslu þessa í reglugerð nr. 554/1993.

## Endurgreiðsla vegna neyslufisks

Með reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski, er kveðið á um að endurgreiðsluhlutfall vegna neyslufisks skuli nema 10,97% af verði hans vegna tímabilsins janúar–febrúar 1994. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 637/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna matvöru o.fl.

Sjá nánari umfjöllun á bakhlið

### Útgefnar reglugerðir á árinu 1993

Eftirfarandi reglugerðir voru gefnar út eða var breytt á síðasta ári og taka gildi 1. janúar 1994 eða fyrr (**feitilettraðar reglugerðir koma í stað eldri reglugerða**):

#### **50/1993 Reglugerð um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.**

71/1993 Reglugerð um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna innflutnings á prentuðu máli.

149/1993 Breyting á reglugerð 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

151/1993 Breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá.

[170/1993 *Reglugerð um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga. Reglugerðin féll úr gildi 1. janúar 1994, sbr. 6. gr. reglugerðar.*]

179/1993 Breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá.

180/1993 Breyting á reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.

#### **192/1993 Reglugerð um innskatt.**

302/1993 Breyting á reglugerð nr. 71/1993, um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna innflutnings á prentuðu máli.

332/1993 Breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns.

336/1993 Reglugerð um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti.

532/1993 Breyting á reglugerð nr. 192/1993, um innskatt.

539/1993 Breyting á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

548/1993 Breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

549/1993 Breyting á reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

554/1993 Reglugerð um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manndis o.fl.

563/1993 Reglugerð um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski.

### Reglugerðir felldar úr gildi á árinu 1993

Eftirfarandi reglugerðir voru felldar úr gildi á síðasta ári eða féllu úr gildi 1. janúar 1994:

637/1989 Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts af matvöru o.fl.

501/1989 Reglugerð um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, með síðari breytingum.

531/1989 Reglugerð um sjóðvélar.

81/1991 Reglugerð um innskatt, með síðari breytingum.

487/1992 Reglugerð um frjálsa skráningu vegna útleigu hótél- og gistiherbergja.

170/1993 Reglugerð um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga.